



Trúarbrögð og menning **Frá þekkingu til umburðarlyndis**

Páll Valur Björnsson og Sigríður Ásdís Erlingsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.prófs
Háskóli Íslands
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Trúarbrögð og menning
Frá þekkingu til umburðarlyndis

Páll Valur Björnsson og Sigríður Ásdís Erlingsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed. prófs í Grunnskólakennarafræði
Leiðsögukennari: Gunnar J. Gunnarsson

Kennaradeild
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Trúarbrögð og menning. Frá þekkingu til umburðarlyndis.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs við Kennaradeild, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

© 2011 Páll Valur Björnsson og Sigríður Ásdís Erlingsdóttir
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfunda.

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland og 2011.

Ágrip

Greinargerð þessi er hluti af lokaverkefni til fullnaðar B.ed gráðu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Í henni er gerð grein fyrir vali á viðfangsefni kennslubókarinnar sem er annar hluti verkefnisins. Í bókinni er lagður grunnur að hugtakaskilningi sem lítur að trúarbrögðum og menningu. Rannsóknarspurningin er eftirfarandi: Er fjölmeningartengd trúarbragðafræðikennsla þar sem höfuðáhersla er lögð á samræðuna í kennslustofunni líkleg til þess að auka umburðarlyndi nemenda í garð ólíkra menningarhópa? Í greinargerðinni er hugtökum eins og umburðarlyndi, fjölmeningu, menningu, menningarlæsi, trúarbrögðum og mannréttindum gerð skil ásamt því að skoða hvað liggur til grundvallar kennslu í trúarbragðafræði samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og Grunnskólalögum. Einnig er fjallað um kennslufræðilega nálgun og umræðu innan Evrópu um stöðu trúarbragðakennslu í skólum. Meginmarkmið með verkinu er að sýna fram á þörf fyrir fjölbreyttar nálganir í kennslu trúarbragðafræða, með fjölmeningarumræðuna að leiðarljósi. Horft er til gagnsemi samræðu í skólastofunni í þeirri viðleitni að auka umburðarlyndi og skilning nemenda á trúar og lífsskoðunum samferðafólks. Einnig að ljá nemendum í hendur tæki til þess að verða virkir þátttakendur í lýðræðis- og fjölmeningarþjóðfélagi á tímum hnattvæðingar.

Efnisyfirlit

Trúarbrögð og menning	2
Frá þekkingu til umburðarlyndis	2
Ágrip.....	4
When tensions result from pluralism,.....	6
Inngangur.....	7
Markmið	8
Aðalnámsskrá grunnskóla, almennur hluti og kristinfræði,	9
siðfræði og trúarbragðafræði	9
Mannréttindi, Barnasáttmáli og stjórnarskrá	14
Trúarbrögð í þágu friðar eða átaka.....	17
Menning og fjölmening	18
Menningarlæsi.....	20
Siðferðisleg gildi trúarbragða og siðgæðisuppeldi.....	21
Umburðarlyndi	23
Evrópuumræðan	25
Trúarbrögð og fjölmening	27
Kennsla, uppeldi og umönnun	28
Kennslufræðileg nálgun.....	30
Lokaorð.....	33
Heimildaskrá	35

When tensions result from pluralism,

“the role of the authorities ... is
not to remove the cause of tension
by eliminating pluralism, but to ensure
that competing groups tolerate
each other.”

(European Court of Human Rights).

Inngangur

Greinargerð þessi er hluti af lokaverkefni til fullnaðar B.Ed. gráðu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Í greinargerðinni er skýrt frá markmiðum með kennslubókinni sem er annar hluti verkefnisins og þar eru færð rök fyrir vali okkar á þessu viðfangsefni. Kennslubókin er ætluð nemendum í 9. bekk grunnskóla en þó má vel vinna verkefnið í fleiri bekkjardeildum, bókin getur staðið ein en einnig má nota hana sem hjálparefni í kennslu samfélags- eða trúarbragðafræðum. Með gerð bókarinnar er leitast við að kynna fyrir nemendum og kennurum hin ýmsu hugtök og lífsgildi sem öllum er hollt að þekkja. Bókinni er enn fremur ætlað að skerpa samræðuna um þessi tilteknu hugtök og fá nemendur til þess að taka þátt í samræðunni og tjá skoðanir sínar óþvingað og hömlulaust. Bókin er unnin með markmið Aðalnámskrár og námskrár í trúarbragðafræði í huga en einnig er byggt á samþykktum Evrópuráðsins um hvernig staðið skuli að kennslu í þessum fræðum. Vitnað er í lög og reglur sem lúta að menntun barna og unglunga sem og Barnasáttmálann og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna.

Rannsóknarspurningin er eftirfarandi: Er fjölmeningartengd trúarbragða-fræðikennsla þar sem höfuðáhersla er lögð á samræðuna í kennslustofunni líkleg til þess að auka umburðarlyndi nemenda í garð ólíkra menningarhópa. Til þess að svara spurningunni höfum við lagt til grundvallar Evrópuumræðuna eða *Toledo guiding principles on teaching about religions and believes in public schools. Prepared by the Odihr advisory council of experts on freedom of religion or believe*. Einnig eru lagðar til grundvallar fjölmargar greinar eftir fræðimenn innlenda sem erlenda, lög og reglugerðir sem leggja áherslu á mannréttindi og hvernig haga beri kennslu sem býr nemendur undir líf meðal samborgara sinna. Kennsluefnið byggir á því að nemendur hafi grunnþekkingu á helstu trúarbrögðum heims og hafi fengið kennslu í fræðunum með námsefni á borð við Maðurinn og trúin eftir Gunnar J. Gunnarsson eða annað efni af þeim toga.

Markmið

Meginmarkmið með verkinu er að sýna fram á þörf fyrir fjölbreyttar nálganir í kennslu trúarbragðafræða, með fjölmennningarumræðuna að leiðarljósi. Horft er til gagnsemi samræðu í skólastofunni í þeirri viðleitni að auka umburðarlyndi og skilning nemenda á trúar- og lífsskoðunum samferðafólks. Einnig að fá nemendum í hendur tæki til þess að verða virkir þátttakendur í lýðræðis- og fjölmenningarþjóðfélagi. Áhersla er lögð á menningarlæsis hugtakið og gagnrýna hugsun. Hvernig þessir þættir samtvinnast í daglegu lífi fólks burtséð frá búsetu, uppruna eða kyni og mynda það sem í daglegu tali er nefnt menning. Ekki síst er markmiðið að reyna svara þeim spurningum sem óhjákvæmilega vakna þegar þessi mál bera á góma dags daglega. Hvað þýða hugtök eins og þau sem nefnd eru hér að ofan, hvernig tengjast þau viðfangsefninu og fyrir hvað standa þau? Í greinargerðinni verður leitast við að skilgreina þau á sem bestan hátt. Trúarbragðafræði og siðfræði eru meðal þeirra greina sem grunnskólinn getur nýtt til þess að ná fram markmiðum Aðalnámskrár þar að lútandi.

Hvatinn að þessu verkefni er öðru fremur reynsla af vettvangsnámi, samtölum við samnemendur, kennara menntavísindasviðs og á vettvangi heimaskóla. Það er sláandi hvað þessum þáttum er lítið sinnt í samfélagsfræðikennslu skólanna og helgast það ekki síst af því að þessar greinar fá lítinn tíma í stundaskrá. Það kann einnig að vera vegna almenns áhugaleysis kennara á efni. Þetta stemmir við það sem fram kom í erindi Gunnars J. Gunnarssonar sem hann flutti á málþingi Kjalarnessprófastsdæmis 17. febrúar 2005 og fjallaði um kennslu í kristnum fræðum. Gunnar bendir á í erindi sínu að þrátt fyrir að víða sé ágætlega staðið að verki þá séu teikn á lofti um það að trúarbragðafræði, siðfræði og kristinfræði séu sem námsgreinar í kreppu. Hann vitnar í samtöl við kennara og kennaranema þessu til staðfestingar auk þess sem hann nefnir rannsóknir sem gerðar hafa verið og benda ótvírætt til hins sama (Gunnar J. Gunnarsson, 2005).

Þróunin og ástand í kennslu trúarbragðafræði og siðfræði er afskaplega dapurleg svo ekki sé meira sagt og því má telja fulla þörf á kennsluefni sem notað yrði við kennslu í trúarbragða- og samfélagsfræði. Náms efnið yrði hentugt fyrir kennslu í 9. bekk. Það er mikið og gott námsefni til staðar fyrir kennslu í þessum fræðum en engu að síður er þörf á efni sem tekur á þessum lykilhugtökum sem

áður eru nefnd. Námsefni sem vekur nemendur til umhugsunar um tilveruna og tilgang lífsins og ekki síst efni sem miðar að því að fá nemendur til þess að ræða þessi mál opinskátt og án þvingunar. Unglingar eru þrátt fyrir allt opnir fyrir umræðum um trúarleg málefni, eru umburðarlyndir gagnvart öðrum trúarbrögðum og telja þau skipta máli. Þau eru mikilvægur liður í lífi hvers einstaklings til þess að hann skilji tilvist sína (Gunnar E. Finnbogason og Gunnar J. Gunnarsson, 2006: 55).

Aðalnámsskrá grunnskóla, almennur hluti og kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Markmið og val á þessu námsefni má rökstyðja með því að vísa í Aðalnámsskrá grunnskóla, almenna hlutann og svo í Aðalnámsskrá - kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. Þar eru sett fram skýr markmið sem nemendum er skylt að ná og að kennslu sé þannig háttað að þau náist. Á því kann að vera nokkur misbrestur þó ekki sé hægt að alhæfa um slíkt. Hér verða nokkur þessara markmiða tíunduð. Skoðum almenna hlutann fyrst, þar stendur m.a. um hlutverk og markmið grunnskóla: (Bent er á að teknar eru setningar héðan og þaðan úr textanum orðrétt).

Í grunnskólanum skal unnið að því í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðissamfélagi. Hlutur grunnskólans felst einkum í því að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra. Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins.

Um almenna menntun segir þetta m.a.:

Almenn menntun er ein meginstoð lýðræðis. Hún er undirstaða menningar og almennrar velferðar. Almenn menntun á að efla gagnrýna, sjálfstæða hugsun hjá einstaklingum og hæfileika til þess að

bregðast við nýjum aðstæðum. Þeir þurfa að geta látið skoðanir sínar í ljós, vera óhræddir við breytingar og geta borið ábyrgð á gerðum sínum. Almenn menntun á að stuðla að umburðarlyndi, virðingu fyrir náunganum og umhverfinu. Í grunnskólum ber að efla heilbrigða dómgreind, umburðarlyndi, virðingu, náungakærleik og verðmætamat. Almenn menntun á að styrkja einstaklinga til þess að átta sig á eigin stöðu í samfélaginu og að geta tengt þekkingu og færni við daglegt líf og umhverfi.

Þar er einnig fjallað um jafnrétti til náms og segir m.a.:

Forsenda lýðræðis er meðvitaður og ábyrgur einstaklingur sem er fær um virka þátttöku í opnu og frjálsu þjóðfélagi. Hin siðferðilegu gildi samfélagsins verða að endurspeglast í öllu skólastarfi.

Umfjöllun um siðfræðileg gildi og forsendur þeirra á heima í öllum námsgreinum. Starfshættir í grunnskóla skulu mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs, kristins siðgæðis og umburðarlyndis.

Helstu gildi lýðræðislegs samstarfs eru: jafngildi allra manna, virðing fyrir einstaklingum og samábyrgð. Helstu gildi kristins siðgæðis, sem skólinn á að miðla og mótast af, eru: ábyrgð, umhyggja og sáttfýsi. Umburðarlyndi tengist lýðræðinu og kristnu siðgæði og byggist á sömu forsendum. Það verður að ætla öllum rétt til sjálfstæðra skoðana og tækifæri til að tjá þær og reyna að vinna þeim fylgi, að því tilskildu að það sé gert á heiðarlegan hátt og réttur annarra til hins sama virtur. (Aðalnámsskrá grunnskóla: almennur hluti, 2006: 8-11).

Í Aðalnámsskrá kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði er hlutverk skólans um kennslu einnig skýrt hvað þetta varðar, þar stendur og vakin er athygli á því að drepð er orðrétt niður í textann hér og þar.

Önnur og ólík samfélög verða heldur ekki skilin án þekkingar á ríkjandi trúarbrögðum og siðferðilegum gildum. Námi í almennum trúarbragðafræðum er ætlað að miðla þeirri þekkingu og auka þannig skilning á ólíkum menningar- og trúarhefðum. Traust þekking á eigin rótum og skilningur á ólíkum lífsviðhorfum stuðlar að umburðarlyndi og víðsýni.

Með vaxandi fjölmenningu þarf skólinn að stuðla að auknum skilningi, gagnkvæmri virðingu og umburðalyndi gagnvart ólíkum trúarbrögðum. Með auknum fjölda barna frá ólíkum menningarsvæðum þarf skólinn að huga að því, í samvinnu við heimilin, hvernig koma má til móts við óskir þeirra og þörf til að fá fræðslu um eigin trú og menningu. Þekkingu og skilningi á trú og siðgæði verður ekki miðlað öðruvísi en með virkri glímu nemenda við viðfangsefnin og umræðu um þau. Markmiðið er að nemendur verði færir um að taka sjálfstæða og ábyrga afstöðu á grundvelli þekkingar og skilnings. (Aðalnámsskrá grunnskóla: kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. 2007: 5-6).

Í þessum köflum um hlutverk skólans er komið inn á þá staðreynd að við Íslendingar lifum í samfélagi fjölmenningar sem gerir skólann að lykilstofnun í því að fræða nemendur um hina ólíku menningarheima. Ekki er hægt að skilja hina ólíku menningarheima nema með þekkingu á þeim trúarbrögðum og siferðilegum gildum sem þar ríkja, traustri þekkingu og skilningi á hinum ólíku trúarhefðum og lífsviðhorfum sem aftur leiða til aukins umburðalyndis og víðsýni. Það er einnig bent á að skólinn þurfi að hafa til staðar þau verkfæri sem gera það

að verkum að nemendur öðlist þá færni sem af þeim er krafist. Eitt af þessum verkfærum er samræðan þar sem nemendur fá tækifæri til að tjá sig og ræða við samnemendur sína á fordómalausán hátt um þau efni sem að framan eru talin. Samræða þar sem nemendur læra að temja sér virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, virðingu fyrir mannréttindum, umhverfi sínu og helgi mannlegs lífs. Læri að skilja í samtalinu hvor við aðra, hverjar skyldur þeirra eru, réttindi og ábyrgð í samskiptum við aðra einstaklinga samfélagsins. Mikil áhersla er lögð á hugtökin umburðarlyndi og virðingu í þessum köflum og teljum við höfundar þessarar greinargerðar að samræðan í skólastofunni og skólanum almennt geti skipt sköpum. Því miður er það okkar upplifun í vettvangsnámi að nemendur læra ekki að tala saman þar sem ætlast er til að þeir hlusti bara á kennarann en fá ekki að tjá sig um hugsanir sínar og skoðanir eða hlýða á skoðanir samnemenda sinna.

Síðan eru það þrepa, áfanga og lokamarkmiðin í þessari grein samfélagsgreinanna sem að nota má sem rökstuðning fyrir þessu verkefni þar kemur fram að með kennslunni er ætlast til að nemendur:

efli trúarlegan, siðferðilegan og félagslegan þroska
sinn, þjálfist í að fást við og skilja viðfangsefni
sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast
spurningum um merkingu og tilgang lífsins.

temji sér umburðarlyndi og virðingu fyrir rétti
manna til mismunandi trúar- og lífsskoðana og
öðlist skilning á gildi trúarbragða og lífsviðhorfa
og innbyrðis áhrifum þeirra og menningar og
samfélags.

þroski með sér gagnrýna hugsun og siðferðilega
dómgreind og þjálfist í að fást við siðferðileg
álitamál og taka afstöðu á grundvelli þekkingar og
skilnings. Geri sér grein fyrir réttindum sínum,
skyldum og ábyrgð í samskiptum við aðra og
samfélagið í heild.

hafa öðlast góða innsýn í kristilegt siðgæði og
tileinkað sér samskiptareglur sem byggjast á

kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi.

hafa tamið sér virðingu fyrir ólíkum trúarbrögðum og lífsviðhorfum, hafa fengist við siðræn viðfangsefni sem tengjast samskiptum, sáttfýsi og fyrirgefningu. Hafa þjálfast í að ræða siðferðileg gildi og álitamál sem lúta að réttlæti, mannréttindum og jafnrétti. (Aðalnámskrá grunnskóla: kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. 2007: 8-19).

Það má sjá á þessari upptalningu að markmiðin eru skýr hvað varðar að efla skilning nemenda á hinum ýmsu dygðum eins og umburðarlyndi, umhyggju, kærleik og ekki síst virðingu. Virðingu fyrir hinum ólíku áherslum sem fólk með mismunandi trúar- og lífsskoðanir leggur á í tilvistartúlkun sinni. Fjallað er um að nemendur þroski með sér aukna siðferðis- og félagslega vitund, umburðalyndi, gagnrýna hugsun og verði færir um að taka afstöðu til ýmissa álitamála á grundvelli þekkingar. Eitt mikilvægasta markmiðið lítur að því að nemendur hafi öðlast færni í almennum samskiptareglum sem byggjast á kærleik, mannhelgi, réttlæti og umhyggju fyrir öðrum mönnum. Hafi tamið sér virðingu fyrir hinum ólíku trúarskoðunum og viðhorfum sem fólk hefur til lífsins, virðingu fyrir sáttfýsi og fyrirgefningu og hafi lært að ræða siferðileg gildi sem lúta að mannréttindum og almennu réttlæti.

Markmiðið öðru fremur með þessu námsefni er að uppfylla þau markmið sem lög um grunnskóla setja skólastarfinu en í 2. grein laganna stendur m.a:

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelltri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni

arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti,
lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi
og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli
leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu
samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að
alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.
(Lög um grunnskóla nr. 91.2008).

Mannréttindi, Barnasáttmáli og stjórnarskrá

Á tímum margbreytileika og fjölmenningar er ljóst að leggja verður miklu meiri áherslu á markmiðin og leiða nemendur í allan sannleika um hvað þau standa fyrir. Markmiðsgreinin leggur áherslu á að starfshættir skólans skuli mótast af umburðarlyndi og kærleika og hinni kristnu arfleifð menningar okkar en óhætt er að segja að þessi túlkun hafi farið fyrir brjóstið á mörgum. Það er okkur nauðsynlegt að uppfræða nemendur um þessa arfleifð okkar, ekki síst þá nemendur sem koma frá hinum ólíku menningarkimum heimsins. Gera verði nemendum grein fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að lifa í samneyti við aðrar manneskjur á jafnréttisgrundvelli og kynna þeim hvað ætlast sé til af þeim þegar skólagöngu lýkur. Til þess að geta lifað í sátt og samlyndi við aðra þurfa nemendur að hafa tamið sér umburðarlyndi og virðingu fyrir manngildi. Unglingar hafa mikla þörf fyrir vináttu og traust og telja að heiðarleiki sé mikilvægur þáttur í samskiptum millum fólks (Gunnar E. Finnbogason og Gunnar J. Gunnarsson, 2006: 58).

Markmiðsgrein grunnskólalaganna er skýr og þar kemur fram svart á hvítu til hvers er ætlast af skólanum. En það eru einnig aðrir sáttmálar og lög sem segja til um hvernig haga skuli menntun og almennri umgegni þeganna hver við annan. Í Barnasáttmála S.Þ . stendur m.a. eftirfarandi:

29. gr.

1. Aðildarríki eru sammála um að menntun barns skuli beinast að því að:
 - b) Móta með því virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi og grundvallarsjónarmiðum þeim er fram koma í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða.
 - c) Móta með því virðingu fyrir foreldrum þess,

menningarlegri arfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands er það býr í og þess er það kann að vera upprunnið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs.

d) Undirbúa barn til að lifa ábyrgu lífi í frjálsum þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðháttá-, þjóðernis- og trúarhópa, og fólks af frumbyggjaættum (Barnasáttmáli S.Þ.).

Næst má líta á hvað Mannréttindayfirlýsing S.Þ. segir um þessi mál sem lagt er áhersla á.

1. grein

Allir eru bornir frjálsir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum. Allir eru gæddir skynsemi og samvisku, og ber að breyta bróðurlega hverjum við annan.

3. grein

Allir eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi.

26. grein

2. Menntun skal beina í þá átt að þroska persónuleika einstaklinganna og auka virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi. Hún skal miða að því að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarhópa og að styrkja starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðar. (Mannréttindayfirlýsing S.Þ., 1948).

Í þessum greinum úr tveimur af mikilvægustu sáttmálum jarðarbúa er dregið saman hvað okkur finnst vera lykilatriði í uppeldi hvers einstaklings sem er menntun hans. Þar kemur fram að menntun skuli öðru fremur stuðla að því að móta með nemendum virðingu fyrir mannréttindum, mannfrelsi og koma fram af

tillitsemi og umburðarlyndi hver við annan. Móta hjá þeim virðingu fyrir ólíkri menningararfleið og efla um leið skilning þeirra umburðarlyndi og vináttu milli allra sem byggja þessa jörð, að allir hafi rétt til að hafa sína skoðun. Þetta sjónarmið kemur einnig fram í stjórnarskrá Íslenska lýðveldisins en þar segir m.a. eftirfarandi:

65. gr.

Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

73. gr.

Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða. (Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33. 1944).

Með því að draga fram þessar reglur og lög er valið á viðfangsefninu rökstutt þar sem að okkar mati er skortur á því í skólakerfinu að nemendum séu kynnt grundvallarmannréttindi. Telja má að með því að koma fram með námsefni sem leggur áherslu á að kynna mannréttindi, trúarbrögð og menningu og hvernig þessi hugtök tengjast sé stigið stórt skref í átt til aukins umburðarlyndis, ábyrgðar og virðingar. Það er kunnara en frá þurfi að segja að trúarbrögð eru samofin menningu hvernar þjóðar og skipa veigamikinn sess í lífi hvers einstaklings. En einstaklingarnir eru misjafnir eins og þeir eru margir og alast upp á margbreytilegan hátt, bakgrunnur hvers og eins er ólíkur, ekki líta allir sömu augum á lífið og tilveruna. Allir hafa þó orðið á einn eða annan hátt fyrir áhrifum trúarbragða í lífi sínu og þrátt fyrir að íslenskt samfélag sé frekar einsleitt í trúarlegum skilningi þá hefur það breyst mikið á síðustu árum, fjölbreytileikinn hefur aukist. Inn í skólum er til efni sem getur látið óm margbreytileikans hljóma og með mismunandi nálgun í kennslunni þar sem viðhorf og skoðanir ólíkra

nemenda fá að njóta sín, þar sem þeir geta velt fyrir sér tilgangi lífsins í samræðum við aðra nemendur. Þannig læra nemendur að gera sér grein fyrir afstöðu annara, skilja betur sína eigin og mynda þannig mikilvægan grundvöll fyrir virðingu og umburðarlyndi (Gunnar J Gunnarsson, 2008: 130-133).

Trúarbrögð í þágu friðar eða átaka

Þann 10. desember 2001 tók Kofi Annan við Friðarverðlaunum Nóbels fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna. Í ræðu hans við það tilefni gaf hann m.a. út eftirfarandi yfirlýsingu: Innreið okkar inn í þriðja árþúsundið hefur verið í gegnum brennandi hlið. Í dag, eftir hryllilega atburði 11. september, munum við sjá betur, og við sjáum nánar. Við munum sjá að mannkynið verður ekki skilið að. Nýjar ógnir gera ekki greinarmun á kynþætti, þjóðum eða svæðum. Óöryggi sem við þekktum ekki áður, hefur búið um sig í huga okkar allra og gerir ekki greinarmun á stétt eða stöðu. Við höfum öðlast dýpri skilning á þeim böndum sem tengja okkur öll saman – í sársauka jafnt og velgengni – unga jafnt sem aldna¹ (Ipgrave, 2003: 147-168).

Hann ræddi um mikilvægi umræðu og kennslu í trúarbragðafræði. Trúarbrögð og fjölmennung stæðu ekki í vegi fyrir friði og að hvert og eitt mansbarn hefði rétt á að aðhyllast ákveðin trúarbrögð, lífsskoðanir og hefðir. Talsmenn umburðarlyndis og skilnings á fjölmenningu eru innan allra trúarbragða. Það má til sanns vegar færa að orð Kofis Annan séu gild og sönn. Þau undirstrika mikilvægi umræðu um málefni trúarbragðanna og að samræða á milli ólíkra trúarhópa getur öðru fremur leitt til skilnings og umburðarlyndis.

Trúarhópar og lífsskoðanir af ólíkum meiði geta búið saman í sátt og samlyndi, lært hvert af öðru án þess að hverfa frá eða breyta eigin skoðunum eða samþykka annarra. *We can love what we are, without hating what - and who - we are not* (Leganger-Krogstad, 2003:170). Julia Ipgrave segir jafnframt að atburðirnir 11. september sem Kofi vísar í hér að ofan hafi leitt til aukinna samskipta og þekkingar vestrænna ríkja á Islam. Víða er það orðið forgangsmál að

¹ *We have entered the third millennium through a gate of fire. If today, after the horror of 11 September, we see better, and we see further – we will realize that humanity is indivisible. New threats make no distinction between races, nations or regions. A new insecurity has entered every mind, regardless of wealth or status. A deeper awareness of the bonds that bind us all – in pain as in prosperity – has gripped young and old.*

skoða hvað er líkt og ólíkt með trúarbrögðunum og hvernig koma má til móts við eða setta ólíkar skoðanir. Það er mikilvægt að grunnskólanemendur fái tækifæri til þess að njóta menntunar í formi hugtakaskilnings sem varðar trúarbrögð, umburðarlyndi og skilning á margbreytileika heimsbyggðarinnar. Það má telja eitt brýnasta verkefni grunnskólans og fræðslufirvalda (Ipgrave, 2003: 147-168).

Menning og fjölmening

Grundvöllur þess að skilja hugtakið fjölmening er sá að skilgreina hvað er menning. Orðið menning eitt og sér er í raun skilgreint á fleiri en einn veg. Annars vegar er talað um menningu sem hugtak sem heldur utan um staðlaða hluti eins og listir, bókmenntir, tónlist o.s.frv. Menning er samsafn hegðunarmynstra sem fyrirfinnast í ákveðnum samfélögum, og gildishlaðinna tákna sem gefa hegðuninni ákveðna merkingu eða tilgang. Hins vegar hafa mannfræðingar notað hugtakið til að vísa til þeirrar viðleitni mannsins að skipa lífsreynslu sinni í flokka eða mynstur, og að tjá hana á skipulegan máta. Menning hefur einnig verið skilgreind sem „lífsmynstur heilla samfélaga“. Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, hefur lagt til að menning sé skilgreind sem: samansafn þeirra trúarlegu, efnislegu, vitrænu og tilfinningalegu þátta sem einkenna hvert samfélag eða samfélagshóp. Listir og bókmenntir teljast til menningar, en einnig lífsstíll, sambúðarform, mannleg gildi, hefðir og skoðanir (UNESCO, 2002). Í skrifum margra fræðimanna hefur komið fram hversu mikilvægu hlutverki menning gegnir í þroskaferli einstaklinga, að þroski verði ekki skilinn nema út frá menningarlegum aðstæðum og sérkennum hvers samfélags fyrir sig. Þau sérkenni eru í stöðugri þróun. Af þeim sökum er mikilvægt að fólk taki þátt í menningarlegum athöfnum daglegs lífs en leggi ekki eingöngu að jöfnu þjóðerni og menningu einstaklingsins (Hanna Ragnarsdóttir, 2007:22).

Með hugtakinu fjölmening er átt við fjölbreytt mannlíf á sama stað þar sem fólk af ólíkum uppruna, þjóðernislegum eða trúarlegum er saman komið án þess að einum hópi sé gert hærra undir höfði en öðrum. Þetta getur einnig átt við einstaklinga sem koma frá fleiru en einu menningarsvæði (Magnús Þorkell Bernharðsson, 2007: 43-54). Með margbreytileikanum og fjölmeningunni eykst trúarbragðaflóran og ólíkir menningarheimar mætast. Í bókinni Fjölmening á Íslandi er t.a.m. talað um þrennskonar birtingarmyndir fjölmeningar í

nútímasamfélögum. Í fyrsta lagi geti þegnar þjóðfélags átt margt sameiginlegt í menningunni, en síðan haft ólíkar skoðanir og lífstíl á ákveðnum sviðum lífsins. Í öðru lagi getur þegn eða hópur innan samfélags litið á grundvallarreglur menningarinnar gagnrýnum augum, viðkomandi hópur eða þegn getur reynt að breyta ríkjandi gildum á einn eða annan hátt. Sjálfsmynd einstaklinga og ákveðinna þjóðarhópa getur byggst að verulegu leiti á menningu þeirra. Í þriðja lagi eru innan flestra samfélaga minni einingar eða samfélög sem lifa eftir eigin sannfæringu er varða t.d. trúarbrögð, lífsskoðanir eða gildakerfi. Undir þennan flokk geta fallið hópar eins og innflytjendur. Væringar á milli menningarhópa ögra því oft stöðugleika samfélaga þar sem ólíkur menningarlegur bakgrunnur spilar stóra rullu (Hanna Ragnarsdóttir, 2007:18-19).

Á undanförnum áratugum, hefur margbreytileiki menningar aukist stórlega. Evrópa hefur dregið til sín innflytjendur og hælisleitendur frá öllum heimshornum í leit að betra lífi. Hnattvæðingin hefur þjappað saman tíma og rúmi á mælikvarða sem á sér engin fordæmi. Alger bylting hefur átt sér stað í fjarskiptum og fjölmiðlun - sérstaklega með tilkomu nýrrar fjarskiptatækni eins og t.d netsins sem hefur í síauknum mæli gert þjóðlega menningararfleið opnari. Þróun flutninga og ferðaþjónustu hefur í auknum mæli fært fólk nær hvert öðru og gert samskiptin nánari sem aftur eykur til muna tækifærin til fjölmennningarlegra samskipta.

Í þeirri stöðu sem nú er uppi eru fjölhyggja, umburðarlyndi og víðsýni mikilvægari en nokkru sinni áður. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur viðurkennt að fjölhyggja sé byggð á ósvikinni viðurkenningu og virðingu fyrir fjölbreytni og hreyfiafli menningarhefðanna, þjóðarbrotum og menningarlegri sjálfsmynd þeirra, trúarlegum viðhorfum, listum, bókmenntum, félags- og efnahagslegum hugmyndum og hugtökum. Einnig að samfelld samskipti einstaklinga og hópa með mismunandi sjálfsmyndir sé nauðsynleg til að ná félagslegri samheldni. Hins vegar er ekki víst að fjölhyggja, umburðarlyndi og víðsýni sé fullnægjandi. Uppbyggilegt frumkvæði, skipulagning og sameiginlegt átak í stjórnun menningarlegrar fjölbreytni er líka nauðsynleg. Fjölmennningarleg samræða er lykilverkfæri til að ná þessu markmiði og án hennar verður erfitt að tryggja frelsi og velferð allra sem búa í heimsálfunni okkar (Council of Europe, 2008).

Menningarläsi

Á tímum upplýsinga- og hnattvæðingar er það staðreynd að fólk ferðast meira á milli landa og hefur samskipti við aðra menningarhópa, hvort sem um er að ræða nám í erlendum skólum, viðskipti eða ferðalög til skemmtunar. Við þetta bætist svo að íslenskt þjóðfélag er orðið fjölmennarlegt og því brýnt að breyta áherslum í kennslu trúarbragðafræða til að auka læsi ungmenna á heiminn. Með hugtakinu menningarläsi er átt við að vera búinn vitneskju eða geta sett upp ákveðin gleraugu og skoðað samferðafólk og skoðanir þess af umburðarlyndi og virðingu fyrir ólíkum gildum og skoðunum. Menningarläsi er hæfni til þess að kunna að meta og skilja ríkjandi gildi og skoðanir í eigin menningu til þess að umbera skoðanir og gildi annara menningarhópa. Í þeim tilgangi að eiga vinsamleg samskipti við einstaklinga með ólíkan bakgrunn, er mikilvægt að nemendur hafi eiginleika til að skilja þær skoðanir og gildi sem knýr viðkomandi áfram.

Það er brýnt að þessir eiginleikar endurspegli menningarläsi sem umber ólíka menningarkima innan þjóðfélaga. Menningarläsið á einnig við um að tileinka sér gildandi samskipti og þróun á ákveðnum sviðum menningarinnar. Í þessu sambandi má nefna upplýsingavæðinguna og þá byltingu sem hefur orðið í samskiptum manna á milli með tilkomu tækninýjunga. Að skilja fjölbreytta menningu getur haft ýmsa kosti. Í fyrsta lagi veitir það okkur innsýn í starfshætti og hugmyndir ólíkra hópa eða einstaklinga, sem getur haft jákvæð áhrif á okkar eigið þjóðfélag. Í öðru lagi veitir það okkur dýpri skilning á okkur sjálfum. Með því að skoða ýmsa valkosti verðum við óbeint meðvituð um okkar eigin viðhorf. Viðhorf sem hafa svo djúpar rætur að við tökum þeim sem sjálfsögðum hlut (Stigler, Gallimore and Hiebert, 2000:87-100).

Til þess að gera slíkt mögulegt þarf að koma til menntun sem stuðlar að skilningi á trúarbrögðum, athöfnum daglegs lífs og viðhorfum sem kunna að móta skoðanir þeirra sem tilheyra ólíkum hópum. Í stað alhæfinga, fordóma og sögusagna kemur þekking byggð á rökum og með henni má segja að fyrstu skrefin í átt að skilningi og umburðarlyndi hafi verið stigin (UNESCO, 2002).

Siðferðisleg gildi trúarbragða og siðgæðisuppeldi

Hér vaknar sú spurning hvort ekki séu til staðar sameiginleg siðferðileg gildi í trúarbrögðunum sem hægt er að byggja á og nota til þess að einstaklingar frá hinum ólíku menningarkimnum geti búið saman í sátt og samlyndi. Þegar trúarbrögðin eru skoðuð kemur glögglega í ljós að þrátt fyrir að margt sé ólíkt í þeim þá eiga þau nokkur sameiginleg siðferðisviðmið sem hægt er að byggja á. Það virðist vera mjög náið ef ekki órjúfanlegt samband á milli trúarbragða og siðferðis. Samt er það svo að það er túlkunin sem ræður mestu þegar leitað er svara við þeirri spurningu hvort að í nokkurri siðfræði finnist einhver skýr siðferðilegur kjarni eða grundvallarregla (Bexell og Grenholm 2001:71)

Það kemur í ljós að það eru félagsfræðilegar samsvaranir í trúarbrögðum heimsins sem lúta að því að í þeim öllum eru boðorð sem fjalla um að verja líf einstaklingsins og samfélagsins sem heildar. Þegar horft er til þess hvaða dygðir eru hvað eftirsóknaverðastar eru svörin ólík en öll meta trúarbrögðin sumar dygðir mikils, nægir þar að nefna miskunnsemi til sögunnar. Í öllum stóru trúarbrögðunum fimm, kristni, gyðingdómi, islam, búddisma og hindúatrú er að finna boð og bönn sem sameina þau, ekki síður er þar að finna þau boðorð sem hvetja fólk til réttar breytni. Þegar litið er til sameiginlegra banna er t.d. hægt að nefna: Drepið ekki! Stelið ekki! Ljúgið ekki, stundið eigi lauslæti og ótryggð í hjúskap. Sameiginleg boðorð sem hvetja til góðrar breytni og dygðugs líf eru t.d.: Að vera ábyrgur, hafa stjórn á sjálfum sér, að annast um þá sem minna mega sín, sýna samúð og virða foreldra sína (Bexell og Grenholm 2001:71-73).

Eins og sjá má þá eiga öll trúarbrögð sér sameiginleg siðferðismarkmið og það að trúa á eitthvað er mörgum afar mikilvægt og er eitt af því sem mótar sjálfsmynd þeirra á allan hátt. Páll Skúlason segir í bók sinni Siðfræði : „*Sanna trú ber að mínum dómi að telja til siðferðisgæða á borð við ást og vináttu, vegna þess að í henni felst að menn eignast trúnað og traust til að byggja á í lífinu og samskiptum sínum við aðra*“ (Páll Skúlason, 1990: 27).

Siðgæði og siðferðisuppeldi er einn af lykilþáttum góðrar menntunar.

Mikilvægur þáttur uppeldismótunarinnar er siðgæðisuppeldið. Sérhvert þjóðfélag byggist á ákveðnum grundvallargildum. Skólanum er ætlað

að miðla slíkum gildum. [...] Nægir þar að nefna virðingu einstaklingsins fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum og helgi mannlegs lífs, umhverfinu og öllu lífi. Skólinn þarf því að temja nemendum að spyrja um skyldur sínar, réttindi og ábyrgð í samskiptum sínum við einstaklinga, samfélagið og umhverfi sitt (Aðalnámskrá grunnskóla: kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. 2007: 5).

Eitt af sérkennum mannsins er sú hæfni sem hann hefur til að skilja á milli þess sem er rétt eða rangt. Því má segja að siðgæðisuppeldi sé einn af meginþáttum í uppeldisviðleitni allra þeirra sem ala upp börn, foreldra jafnt sem annarra. Hvernig til tekst í þessu uppeldi siðgæðis segir mikið til um hvernig einstaklingnum kemur til með að farnast í samskiptum sínum við aðrar manneskjur, náttúruna og umhverfi sitt. Helsta markmið með siðferðisuppeldinu er að hafa áhrif á einstaklinginn þ.e. börnin og unglingana með það að leiðarljósi að þau breyti rétt. Með öðrum orðum geri það sem er gott og rétt, sjálfum sér og öðrum til hagsbóta og velsældar. Mótun einstaklinga sem þekkja siðareglur, lífsgildi og bera virðingu fyrir þeim, en búa einnig yfir siðferðisstyrk og hafa til að bera hæfni til þess að taka ábyrgð á sjálfum sér og geti varið rétt sinn sem og annara, er meginmarkmiðið (Sigurður Pálsson, 2001: 111).

Mannréttindi

Hvað eru mannréttindi? Þann 10. desember 1948 var mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna samþykkt. Með henni var lagður grundvöllur að uppbyggingu hins alþjóðlega mannréttindakerfis og hún hefur með árunum orðið viðurkennt leiðarljós þeirra sem vinna að eflingu og virðingu mannréttinda jafnt og þeirra sem mannréttindi eru brotin á um heim allan. Mannréttindayfirlýsingin áréttar göfgi og gildi mannsins og byggir á því að allir hafi sömu óafsalanlegu mannréttindi; réttindi sem eru okkur nauðsynleg vegna þess að við erum manneskjur. Við krefjumst öll jafnra tækifæra og mannsæmandi lífskjara, og höfum þörf fyrir fæði, klæði og húsaskjól. Við viljum geta haft áhrif á samfélagið sem við búum í og fá tækifæri til að njóta gæða þess. Í mannréttindum felst einnig

vernd gegn ofbeldi í hvaða mynd sem er og þau grundvallast á virðingu fyrir einstaklingnum. Mannréttindi vinna gegn vanþekkingu og hatri og eiga að gera okkur kleift að byggja samfélag sátta og samlyndis (Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2011). Skoðum fyrstu og þriðju grein yfirlýsingarinnar.

Í 1. grein stendur: „Allir eru bornir frjálssir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum. Allir eru gæddir skynsemi og samvisku og ber að breyta bróðurlega hverjum við annan“. Í 3. grein stendur: „Allir eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi“. Þessar greinar tvær lýsa í hnotskurn mannréttindahugtakinu og hvað það gengur út á. Mannréttindayfirlýsingin hefur ómælda þýðingu fyrir heimsbyggðina alla en áhrifa hennar gætir í lögum og stjórnarskrám um víða veröld. Lögin nægja þó ekki ein og sér; til þess að sækja rétt sinn og virða rétt annarra verður fólk að vita hvað felst í mannréttindum. Útbreiðsla yfirlýsingarinnar og þekking á ákvæðum hennar er þannig mikilvæg forsenda mannvæns samfélags þar sem fólk nýtur mannhelgi, jafnréttis, borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda og óttaleysis um líf og afkomu. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna byggir á hugsjón um samfélag mannhelgi, réttlætis og jafnra tækifæra fyrir alla. Þessi hugsjón á að varða leiðina til bættis mannlífs í fjölmenningsamfélögum hins nýja heims (Mannréttindaskrifstofa Íslands, 2011).

Umburðarlyndi

Hugtakið umburðarlyndi verður ekki útskýrt með einum hætti, enda um flókið hugtak að ræða. Í grein sinni Trúarsannfæring og umburðarlyndi sem birtist í fjórða tölublaði Glímunar árið 2007 vitnar Sigurður Pálsson í W. Paul Vogt sem útskýrir umburðarlyndi á eftirfarandi hátt:

Umburðarlyndi er vísitandi sjálfstaumhald frammi fyrir því sem manni geðjast ekki að, er andvígur, finnst ógna sér, eða hefur að öðru leyti ímugust á, venjulega í því skyni að varðveita einingu félagsheildar eða stjórnmálahreyfingar eða til að varðveita sáttt og samlyndi í tilteknum hópi. (Sigurður Pálsson, 2007:73).

Gunnar Hersveinn rithöfundur og heimspekingur útskýrir og fjallar um hugtakið umburðarlyndi í bók sinni Gæfuspor- Gildin í lífinu. Hann segir m.a. að

umburðarlyndið felist í skilningi á viðhorfum og framkomu sem er ólík eða í andstöðu við það sem mótað hefur manns eigin lífstíl. Hann telur að með hófstillingu þar sem einstaklingar hafi stjórn á sjálfum sér og gerðum sínum sé hægt að læra umburðarlyndi. Umburðarlyndar manneskjur eru lausar við hleypidóma og þola öðrum að hafa ólíkar skoðanir, halda í hefðir sínar og stunda önnur trúarbrögð en þeir sjálfir kunna að aðhyllast. Það er svo í lífinu að allt er breytingum háð og hver manneskja er háð stað og stund, heimurinn er settur saman úr svo ólíkum heimsmyndum, sjónarmiðum og athöfnum. Menningarheimar eru margir og mismunandi og allir telja sína skoðun vera þá réttu en samt þrá allir frið til þess að vera þeir sjálfir, þess vegna er forsenda fyrir friði milli hinna ólíku menningarheima gagnkvæmt umburðarlyndi (Gunnar Hersveinn, 2005:142-143).

Umburðarlyndishugtakið er hægt að skilja á veikan eða sterkan hátt. Þegar átt er við á „veikan hátt“ þá er talað um að við getum þolað öðrum að vera öðruvísi úr fjarlægð, þeir mega lifa sínu lífi þrátt fyrir að deila ekki skoðunum, gildum og trúarbrögðum með okkur. Það þýðir samt ekki að við berum virðingu fyrir þeim og þeirra lífsskoðunum heldur hafa yfirvöld sett reglur þess efnis að ekki megi skipta sér að þeim sem hafa önnur gildi og skoðanir en þær sem gilda í landinu. Þegar umburðarlyndishugtakið er skilið á „sterkan hátt“ þá er átt við að lítið er á þá sem ekki deila skoðunum með okkur á auðmjúkari hátt og af sanngirni og þeir hafi sama frelsi og við til þess að lifa eftir sinni sannfæringu. Það merkir að við getum lifað eftir þeirri trú að okkar sannfæring sé sú rétta. Sé góð og gild fyrir okkur en sannfæring þeirra sem ekki deila með okkur skoðunum sé á allan hátt jafn góð og gild og eigi sama rétt á sér og hver önnur. Það er ekki í verkahring okkar né nokkurs annar ef út í það er farið að segja til um hvað sé rétt sannfæring eða ekki (Milot, 2006:16).

Spurningin er hvort við viljum framkvæma umburðarlyndið veikt eða sterkt í okkar daglega lífi. Að skilja umburðarlyndið veikt merkir í raun að gera lítið úr ágreiningi um lífsgildin og líta þannig á málin að allar skoðanir séu jafngildar. Það getur hver haft sínar skoðanir fyrir sig svo framarlega að þeir séu ekki að reyna troða þeim upp á aðra. Þeir sem tjá sig svona segjast gjarnan vera umburðarlyndir en í raun er þetta afstöðuleysi, þetta flokkast sem sagt undir það sem kallað er afstæðishyggja og hefur hún farið vaxandi á Vesturlöndum á undanförunum misserum. Með þessu afstöðuleysi er einstaklingurinn í raun að

segja að honum standi á sama svo fremi að hann sé látinn í friði með sitt og umburðarlyndið hans er byggt á veikum grunni (Sigurður Pálsson, 2007:77). Með því að framkvæma umburðarlyndið á sterkan hátt látum við í ljós að við berum virðingu fyrir skoðunum annarra og virðum rétt þeirra til að hafa sannfæringu og tjá hana. Sigurður Pálsson skilgreinir umburðarlyndið á eftirfarandi hátt: „Umburðarlyndi felur í sér rétt til að hafa skoðun, tjá hana og vinna henni fylgi. Það krefst þess að menn geri sér far um að kynna sér og skilja andstæðar skoðanir, temji sér heiðarleg andmæli og geri rétta grein fyrir skoðunum andstæðinga sinna“ (Sigurður Pálsson, 2007:75). Þetta teljum við hið sterka umburðarlyndi og það sem er ætlunin að leggja til grundvallar í námsefninu.

Evrópuumræðan

Í ljósi breyttrar heimsmyndar skapaðist umræða innan Evrópuráðsins um mikilvægi þess að auka umræðu um trúarbrögð og lífsskoðanir sem stuðlað gætu að auknu umburðarlyndi og samræðu á milli ólíkra skoðana og gilda. Brún Þörf þykir á að fræða ungmenni á markvissan hátt og leggja áherslu á mikilvægi trúfrelsis og lífsskoðanna. Það þykir einsýnt að aukinnar umræðu er þörf, í þeim tilgangi að auka skilning á ólíkum forsendum manna. Misskilningur sem byggður er á vanþekkingu er of algengur og staðalímyndir um fólk af ólíkum uppruna hvort sem hann er trúarlegur, menningarlegur eða þjóðernislegur. Þekkingarleysi leiðir oft til óvandaðrar orðræðu, fjandsamlegrar hegðunar hverskonar og átaka hópa og manna á milli (Magnús Þorkell Bernharðsson, 2007: 43-54). Til þess að mæta breyttum aðstæðum vildi ráðið gera umbættur í menntamálum með það að markmiði að skapa sátt og skilning á meðal fræðsluyfirvalda, kennara og nemenda á því hversu mikilvægt hlutverk trúarbrögð og lífsskoðanir fólks hafa á fjölmenningsamfélög nútímans.

Þrátt fyrir að víðtæk þekking og skilningur á trúarbrögðum leiði ekki sjálfkrafa til umburðarlyndis og virðingar, þá eykur fáfræði

líkurnar á miskilningi, og átökum² (OSCE/ODIHR, 2007).

Í mars 2007 var haldin ráðstefna á vegum OSCE, Organisation for security and cooperation in Europe og Office for Democratic Institutions and Human Rights; ODIHR. Ráðstefnan var haldin í Toledo á Spáni og þar var trúarbragðafræðsla í opinberum skólum rædd. Í kjölfarið var gefin út skýrsla og síðar bók sem ber titilinn „*Toledo guiding principles on teaching about religions and believe in public schools*“ (OSCE/ODIHR, 2007). Íslendingar eru aðilar að Toledo samkomulaginu en í því er mælt með að öll aðildarríki miði við eða hafi að leiðarljósi inntak þess, við skipulagningu náms í trúarbragðafræði í opinberum skólum. Leiðir til árangurs í kennslu trúarbragðafræði byggjast á grundvallarskilningi kennarans á hlutverki sínu. Kennslan verður að vera miðuð við fræðslu um trúarbrögð og lífsskoðanir og hugtök tengd þeim án þess að nemendur séu þvingaðir til að samþykkja inntak þeirra.

Kennslan miðast við að kenna um trúarbrögð en ekki ástundun þeirra. Nemendur kynnast ólíkum trúarbrögðum og fjölbreytilegri trúarflóru heimsins. Þeir læra að viðurkenna tilvist trúar í lífi manna. Fræðslan fer fram án þess að kennari geri upp á milli ólíkra trúarskoðanna og gætir fyllsta hlutleysis. Fræðir nemendur án þess að þvinga þá til að gera upp á milli ólíkra skoðana um trúarbrögð og lífsskoðanir. Í hnotskurn er kennsla í fræðunum eingöngu fræðsla en ekki boðun, sem dýpkar þekkingu, skilning og eykur e.t.v. umburðarlyndi. Að nemendur hafi grundvallarskilning á lýðræði og fjölmenningu: samskiptum, virðingu, margbreytileika, sjálfsábyrgð og hvað það þýðir að vera þegn eða þátttakandi í samfélagi. Börnum er jafnframt kynnt umræðan um þjóðerni, trúarbrögð og menningu í þeim tilgangi að víkka sjóndeildarhring þeirra, gera þau hæfari til að mæta margbreytileika og takast á við fordóma í samskiptum sínum³ (OSCE/ODIHR, 2007).

² *Although a deeper understanding of religions will not automatically lead to greater tolerance and respect, ignorance increases the likelihood of misunderstanding, stereotyping, and conflict.*

³ *Building Blocks for Democracy prepares students by teaching them the basic skills behind democracy and multiculturalism: communication, respect, inclusion, personal responsibility and participation in community.*

Eins og fram kemur í *White Paper on intercultural education* hafa samgöngur í nútíma samfélagi auðveldað fólki að flytja milli landa í þeim tilgangi að finna sér atvinnu og betra lífsviðurværi. Þannig á fólk af mismunandi menningaruppruna í auknum samskiptum hvert við annað. Í þessari samfélagsgerð er því mikilvægt að hafa góða þekkingu á eigin menningaruppruna til þess að geta kynnt sér og rætt um menningaruppruna annarra, svo að hægt sé að rækta umburðarlyndi og víðsýni meðal einstaklinga samfélagsins. Það er mjög mikilvægt að einhver umræða eigi sér stað um fjölbreytni menningar og trúarbragða. Hættan við það að engin umræða um þessi málefni eigi sér stað er sú að fólk skapi sér fordóma um aðra menningu og trúarbrögð. En það að samfélagið sé tilbúið til opinnar umræðu um þessi mál mun ekki endilega leysa öll vandamál og fordóma. Frekar gildir þetta sem nokkurs konar forvörn þar sem hægt væri að ná til einstaklinga sem ekki eru búnir að gera sér upp hugmyndir um viðkomandi menningu og trúarbrögð. Það sem gerir einstaklinginn einstakan er fjölbreytileikinn og allir eiga að hafa réttindi til þess að mynda sér trúarlegar og pólitískar skoðanir, svo framarlega að þær stangist ekki á við lög og mannréttindi (Council of Europe, 2008).

Trúarbrögð og fjölmening

Í bókinni *Fjölmening á Íslandi* talar Magnús Þorkell Bernharðsson um hlutverk trúarbragða í fjölmeningarsamfélögum. Þar segir m.a. að okkur beri að líta á veginn framundan sem „*breiða og opna þjóðbraut sem margir geti rúmast á*“ Hann bendir á mikilvægi trúarbragða og umræðu um þau í fjölmeningarsamfélögum nútímans. Umræða um viðkvæm mál sem trúarbrögðin óneitanlega eru kallar á fordómalaus nálgun í hvívetna. Til þess að svo geti orðið er nauðsynlegt að nemendur grunnskóla fái tækifæri til að kynnast trúar- og lífsskoðunum annarra og draga saman það sem kann að vera líkt með þeim frekar en að einblína á neikvæða umræðu um uppgang trúarbragða í heiminum og fordóma í garð þeirra (Magnús Þorkell Bernharðsson, 2007:43-54). Því þarf að

Children are also introduced to an initial discussion of ethnicity, religion and the study of culture to broaden their world views, preparing them to encounter difference and confront bias.

hvetja til umræðu og greiningar á því hvað felst í trúarbrögðum heims og skilgreiningar á hugtökum sem útskýra tilvist þeirra og e.t.v. hegðun þeirra sem ástunda ákveðin trúarbrögð. Vekja nemendur til umhugsunar um grundvallar mannréttindi og skoðanafrelsi.

Umræða um trúarbrögð og lífsskoðanir, umburðarlyndi, fjölmenningu og mannréttindi er einnig vel til þess fallin að vekja upp spurningar um sjálfsmynd, tilfinningar, skoðanir og viðhorf til lífs og manna. Slíkt verður að mati Matthews Lipman ekki gert án þess að skoða arfleifð hvers og eins. Þroski sjálfsmyndar barna byggir að verulegu leiti á henni. Því er umræða um trúarbrögð og lífsskoðanir í grunnskólum lykilforsenda þess að gera einstaklinginn læsan á menningu annarra og sína eigin á forsendum sjálfsmyndar sinnar. Að skoða fortíð og arfleifð með opnum samræðum og í umhverfi sem býður upp á slíkt er mikilvæg forsenda þess að skapa sátt í framtíðarumhverfi fjölmennningarinnar (Lipman, 1993:707).

Kennsla, uppeldi og umönnun

Kennsla í trúarbragðafræði er öðru fremur hugsuð til þess að fá nemendur til þess að átta sig á því hvað trú er og hvers vegna fólk iðkar trú. Þetta efni á að vekja nemendur til umhugsunar um hversu mikið gildi það hefur fyrir hvern og einn að geta sett sig í spor annarrar manneskju. Vekja þá til umhugsunar um hversu mikilvægt það er að þekkja trúar- og lífsskoðanir fólks frá framandi menningarheimum. Menningarheimum sem eru svo gjörólíkir því sem við eigum að venjast.

Guðmundur Finnbogason segir í bók sinni Lýðmenntun að mikilvægasta og alvarlegasta viðfangsefni uppeldisfræðinnar sé að veita ungdómnum fræðslu í efnum sem tengjast trú og með þeirri fræðslu öðlist hann sannan siðgæðisanda (Guðmundur Finnbogason, 1994:115). Guðmundur segir ennfremur í bók sinni að: „menntun hvers manns verður að metast eftir því hve hæfur hann er að lifa og starfa í mannlegu félagi, lifa og starfa þannig að líf hans verði með hverjum degi meira virði fyrir sjálfan hann og aðra“ (Guðmundur Finnbogason, 1994:33). Þetta eru mikil vísdomsorð sem skólustarf nútímans ætti að leggja meiri rækt við og leggja þunga áherslu á. Guðmundur heldur áfram og segir: „Hafi ég rétt til að lifa, hafa jafningjar mínir það einnig; en af því leiðir að líf hvers einstaklings má ekki

meta eingöngu eftir því hvers virði það er fyrir aðra, þ.e., að hve miklu leyti það er lagað til að styðja, styrkja og fullkomna líf annarra. Enginn getur orðið að manni nema í samfélagi annarra manna“ (Guðmundur Finnbogason, 1994:33).

Að lokum segir Guðmundur:

Allir þiggjum vér af öðrum og allir eigum vér að gefa aftur, og vér gjörum hvorttveggja, hvort sem vér viljum eða ekki. [...] Og manngildi vort er undir því komið hve mikið vér getum þegið af öðrum, að hve miklu leyti vér getum umbætt það er vér þiggjum og hve mikið og gott vér getum gefið aftur. Í einhverju af þess þrennu: að þiggja, ummynda og gefa eru allar mannsins athafnir fólgnar, hverju nafni sem nefnast.

(Guðmundur Finnbogason, 1994: 33-34)

Það má sjá á þessum skrifum Guðmundar að honum var umhugað um að nemendur leggðu rækt hver við annan og tækju tillit hver til annars, lærðu hver af öðrum. Hvernig þeir gætu gefið af sér til annarra. Rúmri öld eftir að Guðmundur Finnbogason skrifaði þessa bók eiga þessi orð enn við og hugsanlega hafa þau aldrei átt betur við en nú á tímum fjölmenningar og margbreytileika mannlífsins. Það kemur sterkt fram í orðum Guðmundar að til þess að geta þroskast sem manneskjur verðum við að lifa í sátt og samlyndi við aðrar manneskjur, haft samskipti við og geta hlustað á hvað aðrir hafa að segja og lært af þeim. Námsefni þar sem fjallað er um lífsgildi, trúmál og mannréttindi getur gert gæfumuninn í því að opna óþvingaðar og hreinskiptar umræður um þessi málefni. Kennarinn spilar stórt hlutverk á tímum þar sem börn og ungmenni alast upp við siðferðislega fjölhyggju, hann getur haft mikil áhrif á viðhorf nemenda sinna hvað varðar siðferði. Þó má ekki líta fram hjá því að siðfræðikennsla er bundin ákveðinni hlutleysiskröfu í lýðræðislegu samfélagi þar sem lífsafstaða og skoðanir markast af fjölhyggju. Þó er skólanum ætlað að stuðla að ákveðnum gildum sbr. 2.gr. grunnskólalaganna. Með samræðum og rökræðu læra nemendur að skilja gildi siðferðilegra viðmiða og hugsjóna og með kennslunni gefst nemendum tækifæri

til hugsa um hvernig manneskjur þeir vilja verða, hvers konar lífsgildi og siðferðisviðmið þeir vilja hafa að leiðarljósi (Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999:84-87).

Kennslufræðileg nálgun

Í bókinni *Religious diversity and intercultural education: a reference book for schools* sem gefin var út í kjölfar Toledo ráðstefnunnar, er bent á kennslufræðilegar nálganir í trúarbragðakennslu, þar er dregið á nokkrar aðferðir. Sú aðferð sem þessi greinargerð og námsefnið tekur mið af er samræðuaðferðin. Þessi aðferð felur í sér þrjú þrep, fyrsta stigs umræða, annars stigs umræða og þriðja stigs umræða ásamt fjórum undirþrepum.

Í fyrsta þrepi er byrjað á að viðurkenna fjölbreytileika skoðana, skilning og afstöðu innan nemendahópsins. Sú umræða sem skapast er síðan nýtt til þess að ræða ólíkar trúarskoðanir, lífsviðhorf og gildi nemenda og benda á ný sjónarhorn og leiðir til úrlausna siðferðislegra álitamála.

Í öðru þrepi er áhersla lögð á að skapa bekkjaranda sem er vel til þess fallinn að gera nemendur reiðubúna að takast á við ólíkar skoðanir. Deila skoðunum sínum með öðrum og læra af samnemendum sínum þrátt fyrir ólíkan bakgrunn, skoðanir eða viðhorf. Gera þarf nemendur læsa á hugtök sem tengjast kennslu trúarbragðafræða í fjölmenningsarsamfélagi. Hvetja stöðugt til samræðna og spurninga á milli nemenda í þeim tilgangi að efla skilning á mismunandi viðhorfum og áhuga á einstaklingnum og sérkennum hans.

Í þriðja þrepi eru lagðar fram fjölbreytilegar æfingar, kennsluaðferðir og verkefni sem hvetja til umræðna innan bekkjarins. Skipuleggja þarf námsumhverfið og verkefni þannig að þau hvetji til tjáningar á viðhorfum, rökræðu og rökfærslu fyrir skoðunum. Nýta efni á borð við kvikmyndir, ljóð, ljósmyndir, klípusögur og fréttatengt efni til að styðja við kennsluna.

Undirþrepin fjögur eru eftirfarandi:

- Nemendur ræða um áhugasvið sín og tómstundir – kvikmyndir, sjónvarpsþætti, fótboltið o.s.frv.
- Nemendur deila upplýsingum um fjölskylduhagi og trúarleg viðhorf sín.

- Nemendur skiptast á skoðunum um trúarbrögð eða lífsviðhorf í gegnum lykilsurningar eins og líf eftir dauðann, engla og sköpun eða upphaf heimsins.
- Nemendur ræða siðferðisleg álitamál, eins og ofbeldi, fjárhættuspil, mannsal og dýravernd... (Ipgrave, 2006: 63-65).

Í bókinni *International Perspectives on Citizenship, Education and Religious Diversity* er tilgangur þriggjaliða umræðunnar skilgreindur sem tæki til þess að auka skilning nemenda á fjölbreytileika, kenna þeim að meta skoðanir sammemenda sinna og undirbúa þá undir líf í fjölmenningsarsamfélagi og að takast á við árekstra ólíkra lífsviðhorfa, trúarlegra og annarskonar. Aðferðin hvetur einnig til umburðarlyndis í garð margbreytileikans og eykur möguleika á viðhorfsbreytingum og skilningi. Með umræðuaðferðinni eru settar fram kennsluaðferðir sem stuðla að samræðu í skólastofunni og á milli ólíkra hópa og skoðana þar á meðal. Hið kennslufræðilega ferli sem kennsla, nám, aukin þekking og tilraunir til þess að auka skilning og berjast gegn fordómum, hefur tilhneigingu til þess að vera ólíkt frá einum stað til annars. Engu að síður eru öll sjónarhorn jafn mikilvæg þegar kemur að kennslu trúarbragðafræða og lífsskoðana. Þessi ferli vísa í og taka mið af kennslufræði og kennsluaðferðum (Ipgrave, 2003: 147-168).

Umræðu og spurnaraðferðum er lýst í bókinni *Litróf kennsluaðferðanna* sem flokki kennsluaðferða þar sem kennari hvetur til umræðna eða rökræðna um ákveðin málefni í þeim tilgangi að skoða mismunandi hliðar þess, álitamál eða ólík viðhorf nemenda. Þessi flokkur aðferða er vel til þess fallinn að skapa umgjörð um hugtakaskilning og samræðu um trúarbrögð og lífsskoðanir, þá einkum og sér í lagi samræðuaðferð eða stýrð umræða (Ingvar Sigurgeirsson, 1999:92). Ekki síst þess vegna er eitt af höfuðmarkmiðunum með þessu námsefni að auka samræðuna milli nemenda í skólastofunni um þessi mál. Í samskiptum við aðra lærir maðurinn og mótar sína eigin mynd af veruleikanum. Með samræðunni við aðra tileinkar nemandinn sér þekkingu og verður þess meðvitaður að ekki líta allir tilveruna sömu augum. Samræðan byggir því upp margbreytilega og auðuga þekkingu sem allir eiga stóran þátt í og leggja í leiðinni grunn að gagnrýnni lýðræðislegri hugsun og faglegri vinnu. Ólík reynsla og leiðir til þessa að skilja og

upplifa lífið og tilveruna auka ríkulega skilning þátttakenda á tilvist sinni (Gunnar E. Finnbogason, 2009: 107-108).

Gunnar E. Finnbogason segir einnig þar sem hann ræðir um gildagrunn skólans að eitt mikilvægasta verkfærið í lýðræðislegu samstarfi sé samtalið og að félagsleg færni sé forsenda þess að gott samtal geti átt sér stað. Félagsleg færni byggist á því að nemendur geti lært og kunni að setja sig í spor annarra, geti skipst á skoðunum við aðra og temji sér að vinna með öðrum. Að taka þátt í lýðræðislegu samtali snýst ekki bara um það að fá að tjá sig heldur ekki síður að hlusta á aðra og vera tilbúinn að gefa gaum rökum annarra og reyna að finna gildi sem gætu verið sameiginleg og allir geti verið sammála um. Gunnar segir enn fremur að siðfræðin snúist um samskipti og tengsl milli manna, maðurinn lifir í samfélagi við aðra og sé þ.a.l. félagsvera, mikilvægt sé að vera meðvitaður um að það reynir fyrst á siðferðið þegar maður mætir annarri manneskju og hegðun manns og ákvarðanir hafa áhrif á umhverfið (Gunnar E. Finnbogason, 2004: 180-181).

Samræður og almennar umræður um lífið og tilveruna eru einn af lykilþáttum góðrar og lýðræðislegrar menntunar eða eins og stendur í Aðalnámsskrá grunnskóla – Kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði:

Mikilvægur þáttur í þroskaferli hvers einstaklings er mótun heilbrigðrar sjálfsmýndar. Hún felur meðal annars í sér heildstætt lífsviðhorf og skilning á sjálfum sér sem einstaklingi og sem hluta af stærri heild. Skólinn þarf því að gefa nemendum tækifæri til að fást við viðfangsefni sem tengjast leit þeirra að svörum við spurningum um merkingu lífsins og siðræn gildi og miðla þekkingu þar að lútandi. Umræða um þessi efni þroskar dómgreind nemendanna og eykur þeim víðsýni. Hvatning til að taka afstöðu á forsendum þekkingar og skilnings stuðlar að sjálfræði að því er varðar lífsviðhorf og gildismat (Aðalnámsskrá grunnskóla: kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. 2007: 5).

Þessi orð undirstrika mikilvægi góðrar umræðu um tilgang lífsins og hin ýmsu hugtök sem eiga það sameiginlegt að efla virðingu og umburðarlyndi í skólastofunni jafnt sem úti í samfélaginu sjálfu.

Lokaorð

Að ráðast í gerð námsefnis sem lokaverkefni er metnaðarfullt verkefni sem krefst þess að fyrir því liggi góður og fræðilegur rökstuðningur. Í greinargerðinni hér að framan teljum við höfundar hennar að við höfum uppfyllt þá skyldu sem á herðar okkar eru lagðar hvað þetta varðar. Leitast hefur verið við að vísa í lög og reglugerðir þar sem fram koma þær skyldur sem skólastofnunum ber að uppfylla til þess að nemendur hljóti lýðræðislega menntun sem búi þá á sem bestan hátt undir að takast á við lífið sem bíður þeirra eftir að skólagöngu lýkur. Eins hefur verið vitnað í fjölda fræðigreina sem lúta að því hvernig best sé að búa nemendur undir það líf á tímum margbreytileika og fjölmennningar sem nú ríkir. Þær fræðigreinar og bækur sem stuðst hefur verið við eru skrifaðar af fræðimönnum sem mest hafa höfðað til okkar á þeim tíma sem við höfum stundað nám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Vitnað hefur verið í lög og reglugerðir, Evrópusamþykktir, mannréttindayfirlýsingar og sáttmála sem varða menntun barna og unglunga í trúarbragðafræðum og menningu og hvernig best sé að þeirri fræðslu staðið. Það er einlæg von þeirra sem þetta skrifa að námsefnið geti styrkt kennslu menningar og trúarbragðafræða þar sem aðaláhersla er lögð á samræðuna í kennslustofunni. Því eins og rök hafa verið færð fyrir í greinargerðinni þá er það samræðan sem leitt getur umræðu um ólíka menningarheima, trúarbrögð og lífsgildi upp úr þeim farvegi fáfræði og fordóma sem einkennt hefur hana um langa hríð. Fræðsla um

ólíka menningu, trúarbrögð og lífsskoðanir á hlutlausan hátt er öðru fremur líkleg til þess að setta andstæðar fylkingar og stuðla að umburðarlyndi. Hættan er sú ef fáfræði og þöggun nær yfirhöndinni að ófriður skapist og togstreita á milli menningarhópa og svæða aukist. Slíkt er óásættanlegt og ógnvekjandi tilhugsun á tímum margbreytileikans þar sem tækifærin á að kynnast fjölbreyttu mannlífi og menningu eru óþrjótandi.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla: kristinfræði, siðfræði og trúarbragðafræði. (2007). Reykjavík: Mennta og menningarmálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla:almennur hluti. (2006). Reykjavík: Mennta og menningarmálaráðuneytið.
- Barnasáttmálinn. (2009). Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Sótt 14. desember 2010 af <http://www.barnasattmali.is/nam/barnasattmalinn/barnasattmalinnheildartexti.html>
- Bexell, Göran og Grenholm, Carl-Henric. (2001). *Siðfræði af sjónarhóli guðfræði og heimspeki*. Aðalsteinn Davíðsson þýddi. Reykjavík: Skálholtsútgáfan, útgáfufélag þjóðkirkjunnar, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Council of Europe. (2008). “Living Together As Equals in Dignity”. *White Paper on Intercultural Dialogue*. Strasbourg: Council of Europe Ministers of Foreign Affairs
- Guðmundur Finnbogason. (1903,1994). *Lýðmenntun*. 2. útgáfa. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Gunnar E. Finnbogason og Gunnar J. Gunnarsson. (2006). Trú og gildi í tilvistartúlkun unglunga. Nokkrar niðurstöður úr rannsókn á lífviðhorfi og gildismati íslenskra unglunga. *Ritröð Guðfræðistofnunar/Studia theologica islandica*. 23. B . Reykjavík: Guðfræðistofnun Háskóla Íslands, Skálholtsútgáfan. Bls. 43-69.
- Gunnar E. Finnbogason. (2004). Með gildum skal land byggja – Gildagrunnur skólans. *Uppeldi og menntun*. (13) 2. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. bls. 169-184.
- Gunnar E. Finnbogason. (2009). Nútímaskóli – ný grunnskólalög. *Uppeldi og menntun*. (18) 1. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands. bls. 105-108.
- Gunnar Hersveinn. (2005). *Gæfuspor - gildin í lífinu*. Reykjavík: JVP Útgáfa.
- Gunnar J. Gunnarsson. (2005). *Hvers vegna að kenna kristinfræði og trúarbragðafræði í grunnskólum?* Erindi flutt á málþingi Kjalarnefndar um kennslu í kristnum fræðum 17. febrúar 2005. Sótt 26. janúar 2011 af <http://www.kennslaogtru.is/page.php?idlink=65>

- Gunnar J. Gunnarsson. (2008). Tilvistartúlkun og trú. Skipta trú og trúarbrögð einhverju máli í tilvistartúlkun íslenskra unglunga. *Ritröð Guðfræðistofnunar/Studia theologica islandica*. 26 . 1 . Reykjavík: Guðfræðistofnun Háskóla Íslands, Skálholtsútgáfan. bls. 113-132.
- Hanna Ragnarsdóttir. (2007). Fjölmenningarfræði. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar). *Fjölmennning á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999b). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Æskan.
- Ipgrave, Julia. (2003). Dialogue and religious education. Í Robert Jackson (ritstjóri). *International Perspectives on Citizenship, Education and Religious Diversity*. (bls. 147-168) London: RoutledgeFalmer.
- Ipgrave, Julia. (2006). Illustration: pupil-to-pupil dialogue as a tool for religious education and for other subjects in the primary classroom. Í: Keast, J. (ritstjóri). *Religious diversity and intercultural education: a reference book for schools*.(bls. 63-65). Sótt 10. janúar af http://www.theewc.org/uploads/content/Religious_diversity.pdf
- Leganger - Krogstad, Heid. (2006). Dialouge among young citizens in a pluralistic religious education classroom. Í Robert Jackson (ritstjóri). *International Perspectives on Citizenship, Education and Religious Diversity*. (bls. 169-190) London: RoutledgeFalmer.
- Lipman, Matthew. (1993). *Thinking Children And Education*. Dubuque Iowa: Kendall/Hunt Publishing Company.
- Lög um grunnskóla nr. 91. (2008). Sótt 29. október 2010 af <http://www.althingi.is/lagas/135b/2008091.html>
- Magnús Þorkell Bernharðsson. (2007). Mismunur og mismunun. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar). *Fjölmennning á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (2008). *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna*. Sótt 26. október af http://www.humanrights.is/media/frettir//Mannrettinda_ICEHR.pdf

- Milot, Micheline. (2006). The religious dimension in intercultural education. Í: Keast, J. (ritstjóri). *Religious diversity and intercultural education: a reference book for schools.* (bls. 13-20). Sótt 10. janúar af http://www.theewc.org/uploads/content/Religious_diversity.pdf
- OSCE/ODIHR. (2007). *Toledo Guiding Principles on Teaching about Religions and Beliefs in Public Schools.* Sótt 18. Nóvember 2009 af http://www.storicamente.org/04_comunicare/giorda/toledo-guiding-principles.pdf
- Páll Skúlason. (1990). *Siðfræði.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði. Bókaforlagið Birtingur.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. (1999). Siðfræðikennsla í skólum. Í Jón Á. Kalmansson (ritstjóri). *Hvers er siðfræðin megnug? Safn ritgerða í tilefni tíu ára afmælis Siðfræðistofnunar.* Reykjavík: Siðfræðistofnun. Háskólaútgáfan.
- Sigurður Pálsson. (2001). *Börn og trú: af sjónarhóli sálarfræði, uppeldisfræði og guðfræði.* Reykjavík: Skálholtsútgáfan
- Sigurður Pálsson. (2006). Trúarsannfæring og umburðarlyndi. *Glíman* 4, bls. 69-79.
- Stigler, J. W., Gallimore, R., Hiebert, J. (2000). Using video surveys to compare classrooms and teaching across cultures: Examples and lessons from the TIMSS Video Studies. *Educational Psychologist*, 35 (2), 87-100.
- Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33. (1944). Sótt 26. janúar 2011 af <http://www.althingi.is/lagas/137/1944033.html>
- UNESCO. (2002). *Universal Declaration on Cultural Diversity.* Sótt 9. febrúar 2011 af <http://unesdoc.unesco.org/images/0012/001271/127160m.pdf>